

***BORGARRÁÐ 27. ágúst 2020: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um öryggisveikleika í nýju upplýsingastjórnunarkerfi - R20080151***

Í fréttatilkynningu frá Reykjavíkurborg, 20. ágúst sl. var greint frá öryggisveikleika í nýju upplýsingastjórnunarkerfi Reykjavíkurborgar. Í tilkynningunni segir: “Við prófanir þann 31. júlí sl. uppgötvuðu sérfræðingar Syndis öryggisveikleika í Hlöðunni sem gerði þeim kleift að komast í gögn og persónuupplýsingar Reykjavíkurborgar og annarra viðskiptavina Hugvits án þess að vera auðkenndur notandi í kerfum Hugvits.” Óskað er eftir nákvæmum upplýsingum um öryggisveikleikann og umfang þeirra gagna og persónuupplýsinga sem urðu aðgengilegar án auðkenningar.